

Landssamband DKG

Fyrsti fundur nýrrar stjórnar landssambands DKG á Íslandi, sem tekur við 1. júlí 2017, var haldinn í Grunnskólanum á Ísafirði 24. júní 2017, frá kl. 10.30-16.00.

Mættar: Jóna Benediktsdóttir, Helga G. Halldórsdóttir, Helga Steinsson og Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir. Helga Steinsson fór af fundi kl. 15.00.

Á Skype eru Jónína Hauksdóttir og Eygló Björnsdóttir. Jónína vék af fundi undir lið 2. Eygló vék af fundi áður en umræður um 6. lið hófust.

1. Framkvæmdaráðsfundur
 - a. Staðsetning: Tillaga að Reykjavík. Samþykkt. Athuga hvort Kennarahúsið á Laufásvegi 81 sé laust. Samþykkt.
 - b. Tímasetning: Tillaga að 2. september. Samþykkt. Fundartími: Tillaga 10-16. Samþykkt. Athuga flugáætlun og gera dagskrá með hliðsjón af landingartímum.
 - c. Dagskrá: Fundarsetning (kveikt á kertum), Fundargerð síðasta fundar lesin, Stjórn kynnir sig, Formenn kynna sig og starfið, Innlendar nefndir kynntar, Erlendar nefndir og starfsemi þeirra kynntar, Hlutverk framkvæmdaráðs, Fjárhagsáætlun, Framkvæmdaáætlun, Einkunnarorð.
2. Vorþing
 - a. Tímasetning: Tillaga að 5. eða 12. maí. Samþykkt.
 - b. Staðsetning: Tillaga að Austurlandi og Zetadeild skipuleggi þingið. Samþykkt. Zetadeildin sér um ytri atstæður þingsins, en menntamálanefnd sér um innihald fundarins í samráði við stjórn. Skráningar fara fram með því að greiða þátttökugjald til gjaldkera og þá er skráning staðfest. Samþykkt.
3. Ferð til Tallinn. 12 eða 13 konur eru skráðar á þingið. Eygló og Jóna útbúa kynningarefni fyrir Evrópuþingið 2019, sem verður á Íslandi. Prentað verður bókamerki til kynningar.
4. Upplýsingar um næsta þing: Evrópuþingið 2019.
 - a. Nefndin sem var valin til að undirbúa staðsetningu og gistingu upplýsir að verið sé að skoða tvo kosti í Reykjavík og á Suðurlandi. Nefndin heldur áfram störfum og reiknar með að skila nákvæmari hugmyndum á þinginu í Tallinn. Alþjóðastjórnin vill ekki staðfesta tímasetningu fyrr en fulltrúi hennar hefur komið í heimsókn, sem verður í haust. 26.-29. júlí er inni í myndinni, sem tími fyrir ráðstefnuna á Íslandi.
 - b. Stýrihópur til undirbúnings þinginu. Rætt um tilnefningar. Stýrihópur skipar síðan nefndir í samráði við stjórn til að sinna ákveðnum verkefnum t.d. fjárhagsnefnd, skráningarnefnd, gestgjafanefnd.
5. Skipan félagskvenna í nefndir. Nokkrar tillögur hafa borist. Samþykkt var að leita til formanna deilda eftir fleiri tillögum að fulltrúum í nefndir.
 - a. Vefstjóri: Eygló Björnsdóttir, Betadeild, hefur samþykkt að vera áfram vefstjóri.
6. Fundarplan fyrir stjórnarfundum landssambandsstjórnar.
 - a. Annar fundur verði haldinn 1. september í Rauða Kross húsinu, Efstaleiti 9, Reykjavík.
 - b. Þriðji fundur 10. nóvember í Reykjavík.
 - c. Næstu fundir í febrúar og apríl.
7. Áherslumál stjórnar
 - a. Einkunnarorð. Nokkrar tillögur ræddar.
 - b. Framkvæmdaráætlun. Unnið var að áætluninni. Starfinu verður haldið áfram milli funda.

Fundi slitið kl. 16.10.